

Sp. 307. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]
um útgáfu á ritum Jóns Sigurðssonar.

Flm.: Emil Jónsson, Bernharð Stefánsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar, að gefin skuli út heildarútgáfa af ritum Jóns Sigurðssonar forseta og kostað kapps um, að fyrsta bindi útgáfunnar komi út árið 1961, á 150 ára afmæli hans. Felur Alþingi ríkisstjórninni að leita samninga við Menntamálaráð Íslands um að annast útgáfu ritanna á þeim grundvelli, að 40% kostnaðarins greiðist úr menningarsjóði, en 60% úr ríkissjóði. Hagnaður sá, sem verða kann af útgáfu þessari, renni óskiptur í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.

Greinargerð.

Það er venja með öllum þjóðum, er nokkurs meta sögu sína og bókmenntir, að gefnar eru út heildarútgáfur á ritum afburðamanna, hvort sem um er að ræða skáld og rithöfunda, stjórnámálamenn eða visindamenn. Þetta þykir nauðsynlegt, til þess að höfð séu á einum stað öll rit slíkra manna í formi réttra texta, og eins vegna hins, að það þykir sjálfsögð ræktarskylda við minningu slíkra manna, að þeim séu gerð sem fyllst skil í heildarútgáfum.

Vér Íslendingar eigum að vonum æði mikið ógert í þessum efnun. Einn þeirra, sem liggur óbættur hjá garði, er Jón Sigurðsson forseti. Er naumast vansalaust, að svo húið standi öllu lengur.

Þess gerist ekki þörf að rekja hér afrek Jóns Sigurðssonar. Skal aðeins drepíð á, að lífsverk hans er svo einstætt í sögu Íslendinga, að vér höfum fátt eða ekkert til samanburðar. Hann var fjölhæfasti stjórnmálamaður íslenzkrar sögu, markaði baráttu hennar og pólitískar bardagaaðferðir um margra áratuga skeið. Hann var auk þess merkilegur vísindamaður í íslenzkum söguvísindum og þjóðfræðum og lagði jafnvel vísindalegan grundvöll að sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Vér höfum launað honum ævistarfið með því að leggja afmælisdag hans að jöfnu við afmæli hins fullvalda íslenzka lýðveldis. En vér eigum honum enn ógoldna skuld: að gefa út rit hans öll í útgáfu, er sameinar hvort tveggja vísindalega nákvæmni og alþýðlegt form.

Rit Jóns Sigurðssonar eru geysimikil að vöxtum, prentuð og óprentuð. Hin prentuðu rit hans eru flest í mjög fárra höndum, og má þar fyrst geta hinna mörgu ritgerða hans í Nýjum félagsritum, auk ótal blaðagreina í erlendum og íslenzkum blöðum. Þótt bréf hans hafi verið gefin út í tveim bindum, er til fjöldi bréfa eftir hann óprentaður, mörg þeirra í erlendum skjalasöfnum. Þá ber og að nefna hið mikla og merka safn af bréfum til hans, sem aldrei hafa verið gefin út, en mundu að sjálfsgöðu eiga heima í heildarútgáfunni, a. m. k. allstórt úrval þeirra.

Rit Jóns Sigurðssonar mundu skiptast í 5 aðalflokka:

1. Þingræður og þingskjöl, er Jón Sigurðsson hefur samið eða átt verulegan þátt í að semja.
2. Blaðagreinar á íslenzku og erlendum málum.
3. Ritgerðir, stjórnmálalegs efnis, á íslenzku og erlendum málum.
4. Vísindalegar ritgerðir.
5. Bréf frá Jóni Sigurðssyni og bréf til hans.

Gera má ráð fyrir, að heildarútgáfa á ritum Jóns Sigurðssonar verði 10 stór bindi, 50—60 arkir hvert bindi. Varla verður hægt að búast við, að útgáfan taki minna en 10—12 ár. Útgáfunni verða að fylgja textamunur, skýringar og formálar. Er þetta mikið og vandasamt verk, sem ekki má kasta til höndum. En að útgáfu þessari lokinni mundu hafa verið gefnar út einhverjar mikilvægustu heimildir, ekki aðeins um sögu Jóns Sigurðssonar, heldur og um sögu og tilveru íslenzku þjóðarinnar á einu merkilegasta skeiði hennar. Þetta er því nauðsynlegra sem vitað er, að Íslendingar nútímans eru furðu ókunnugir þessari sögu og hætt við, að þeir slitni úr tengslum við hana, nema því aðeins að þess sé vandlega gætt að halda henni á lofti. Hin fyrsta kynslóð Íslendinga, sem lifir við fullveldi og lýðveldi, getur ekki minnt þess á annan hátt betur en með því að varðveita minninguna um lífsafrek Jóns Sigurðssonar og samtíðar hans.

Árið 1961 verða 150 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Afmælishátíð hans ætti að verða kærkomið tilefni til að ráðast í þetta verk. Væri mjög tilhlýðilegt, að á því afmæli kæmi út 1. bindið af ritsafni hans.

Menntamálaráð Íslands hefur lengi haft á döfnni að ráðast í útgáfu rita Jóns Sigurðssonar. Þær útgáfuhugmyndir hafa þó jafnan strandað sakir skorts á rekstrarfé til að festa í svo dýrri útgáfu. Enda þótt líkur bendi til, að selja megi rit Jóns Sigurðssonar fyrir öllum útgáfukostnaði, yrði hér um allverulega fjárfestingu að ræða um nokkurra ára skeið.

Þykir fara vel á því, að samvinna verði milli Alþingis og menntamálaráðs um útgáfu þessa, á þá lund, er í þingsályktunartillögunni segir.

Allur kostnaður við útgáfu þessa er áætlaður kr. 5550000.00. Er í þeirri áætlun gert ráð fyrir 5000 eintaka upplagi. Fjárfesting yrði þó miklu minni, þar eð tekjur kæmu á móti, jafnóðum og ritin seldust.

Ætlazt er til, að árlega verði veitt fé á fjárlögum til að greiða hluta ríkissjóðs

af kostnaði við verk þetta. Menntamálaráð Íslands sendi árlega menntamálaráðuneytinu reikninga útgáfunnar og kostnaðaráætlun fyrir næsta ár.

Verði hagnaður á útgáfu þessari, þegar ríkissjóður og menntamálaráð hafa fengið útlagðan kostnað endurgoldinn, þykir fara vel á því, að hann renni í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar“. Tilgangur þess sjóðs er að verðlauna vel samin vísindarit, er lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum. Er þess full þörf, að sjóður þessi, sem stofnaður var með dánargjöf Jóns Sigurðssonar, verði eflður, svo að hann geti gegnt hlutverki sínu. Sjóðurinn er nú rúmar kr. 30000.00 og ársvextir rúmar kr. 1500.00, en vöxtunum einum má verja til verðlauna.

Fylgiskjal I.

Rit Jóns Sigurðssonar.

Kostnaðaráætlun, miðuð við kaupgjald og verðlag í janúar 1958.

1. Laun ritstjóra og aðstoðarmanna, vélritun, prófarkalestur o. fl.	kr. 1900000.00
2. Pappír	— 600000.00
3. Setning, prentun	— 1100000.00
4. Kápur, myndamót	— 50000.00
5. Hefting og bókband	— 1300000.00
6. Forlags- og dreifingarkostnaður	— 500000.00
7. Óviss útgjöld	— 100000.00

Samtals kr. 5550000.00

Fylgiskjal II.

Áætlun um sölu rita Jóns Sigurðssonar til ársloka 1970.

1. Seld 600 eintök óbundin, 170 kr. bindið, allt verkið (10 bindi) kr. 1700.00	kr. 1020000.00
2. Seld 1800 eint. í skinnlíki, 220 kr. bindið, allt verkið kr. 2200.00	— 3960000.00
3. Seld 800 eint. í skinnbandi, 260 kr. bindið, allt verkið kr. 2600.00	— 2080000.00

Kr. 7060000.00

÷ 20% sölulaun — 1412000.00

Kr. 5648000.00
